

Fimmtudaginn 29. maí 1997.

Nr. 120/1997.

Ákærvaldið(Bragi Steinarsson
vararíkissaksóknari)

gegn

Heimi Ólasyni

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Umferðarlög. Torfærutæki. Hlífðarhjálmur. Áfrýjunarleyfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt ósk ákærða með stefnu 20. febrúar 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi. Vísar ákærði til b-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Hann krefst sýknu af ákæru fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 43. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 24. gr. lögreglusamþykktar fyrir Fljótaldalshérað nr. 450/1995 og að sér verði jafnframt gerð vægasta refsing, sem lög leyfa, fyrir brot gegn 1. mgr. 72. gr. laga nr. 50/1987.

Ákærvaldið krefst nú staðfestingar á sakfellingu og refsíákvörðun héraðsdóms og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins.

I.

Hinn 12. febrúar 1996 ók ákærði torfærutæki (snjósleða) án hlífðarhjálms eftir tveimur götum á Egilsstöðum, svo sem getur í ákæru. Á þeirri leið var farið yfir þjóðveg, en ekki nýtur gagna í málinu um þá vegalengd, sem ákærði ók umrætt sinn. Samkvæmt skýrslu ákærða fyrir héraðsdómi hugðist hann færa tækið á verkstæði til að láta „yfirfara“ það, en tækið var nýtt, og hafði lögmælt skoðun þess verið gerð nokkrum dögum fyrr.

Með bréfi sýslumannsins á Seyðisfirði 7. mars 1996 var ákærða kynnt, að vegna þessarar háttsemi væri hann kærður fyrir að hafa brotið gegn 43. og 72. gr. laga nr. 50/1987. Var honum boðið að ljúka

málinu án dómsmeðferðar með greiðslu 4.000 króna sektar í ríkissjóð. Því hafnaði ákærði.

II.

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1987 er akstur torfærutækja, þar með talið snjósleða, að meginstefnu til bannaður á vegum, sem ekki eru einkavegir. Undantekningu frá því er að finna í 2. mgr. sömu greinar laganna. Ber ákærði það ákvæði fyrir sig í málinu.

Þótt ekki hafi í umferðarlögum verið tekin afstaða til þess, hvort akstur utan vega teldist heimill eða óheimill, fólst í 43. gr., að gert var ráð fyrir akstri torfærutækja utan vega. Skorður við akstri utan vega voru hins vegar settar með lögum nr. 44/1993 um breyting á lögum nr. 50/1987, sbr. nú 5. gr. a umferðarlaga. Eftir setningu þeirra má ekki án sérstaks leyfis landeiganda eða umráðamanns lands aka, stöðva eða leggja vélknúnu ökutæki utan vegar í þéttbýli á svæði, sem ekki er ætlað fyrir umferð þeirra.

Með þessu voru heimildir til að nota torfærutæki í þéttbýli enn þrengdar frá því, sem verið hafði. Undanþáguheimild 2. mgr. 43. gr. umferðarlaga hefur eftir það lítið raunhæft gildi nema við notkun þessara tækja utan þéttbýlis, ef aka þarf yfir veg eða „eftir veginum skemmstu leið, sem hentug er“, eins og segir í lögnum. Ákærði hafði ekki heimild samkvæmt 5. gr. a frá þar til bærnum aðila til að aka torfærutæki utan vega á Egilsstöðum. Undantekningarákvæði 2. mgr. 43. gr. gat af þeim sökum ekki heimilað honum akstur á götum bæjarins.

Að þessu virtu verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um brot ákærða gegn 43. gr. laga nr. 50/1987, en ákærði vefengir ekki að hafa brotið gegn 1. mgr. 72. gr. sömu laga með því að hafa ekið í umrætt sinn án hlífðarhjálms. Jafnframt verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um refsingu ákærða og sakarkostnað í héraði. Verður ákærða gert að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Heimir Ólason, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og

málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Helga Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 6. desember 1996.

Ár 1996, föstudaginn 6. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-30/1996.

Mál þetta var þingfest 19. nóvember 1996 og tekið til dóms að loknum munnlegum máflutningi sama dag. Málið er höfðað með svofelldri ákæru sýslumannsins á Seyðisfirði, dagsettri 30. október 1996, „... á hendur Heimi Ólasyni, Furuvöllum 13, Egilsstöðum, kennitala 220560-4069, fyrir að aka mánudaginn 12. febrúar 1996 án hlífðarhjálms torfærutækinu DL-445 frá húsnæði Rafmagnsveitna ríkisins að Þverklettum á Egilsstöðum eftir Miðási, sem leið liggur að Bifreiðaverkstæði Borgþórs, sama stað.

Telst þetta varða við 5. gr. a, 1. og 2. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 72. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og 24. gr. lögreglusamþykktar fyrir Fljótshérað nr. 450/1995.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfi, fyrir brot gegn 1. mgr. 72. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en sýknaður af brotum gegn öðrum lagaákvæðum, sem nefnd eru í ákæru, og allur sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þar á meðal málsvarnarlaun að mati dómsins.

Telur ákærði 5. gr. a umferðarlaga ekki eiga við, þar sem ekki hafi verið um akstur utan vegar að ræða. Einnig telur ákærði, að hann hafi ekki brotið gegn ákvæðum 1. og 2. mgr. 43. gr. umferðarlaga, þar sem sú grein heimili akstur torfærutækja á vegi, þegar nauðsynlegt sé. Þá kveður ákærði lögreglusamþykkt fyrir Fljótshérað nr. 450/1995 ekki geta talist gilda refsheimild, þar sem hún gangi í berhögg við áðurnefnd ákvæði 43. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og um sé að ræða framsal á refsheimild andstæða reglum 69. gr. stjórnarskrár og reglum 7. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, auk þess sem í ákæru sé ekki vísað til þeirra laga, sem reglugerðin grundvallast á og heimila refsingu. Í ákæru sé ekki heldur vísað til 51. gr. lögreglusamþykktarinnar, sem kveði á um refsingu.

Við meðferð málsins kom fram hjá sækjanda, að láðst hefði í ákæru að vísa til 51. gr. lögreglusamþykktar fyrir Fljótshérað og laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir, en samkvæmt 6. gr. þeirra laga varði brot gegn lög-

reglusamþykktum sektum. Bæri einnig að dæma eftir þeim ákvæðum samkvæmt heimild í 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Sakarflytjendur reifuðu málið að þessu leyti.

Við flutning málsins féllst sækjandi á það með ákærða, að 5. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987 ætti ekki við um háttsemi ákærða.

Niðurstöður.

Aðilar eru sammála um, að miða beri við atvikalýsingu í ákæru, og hefur ákærði fyrir dómi viðurkennt þá háttsemi, sem honum er gefin þar að sök. Nýtur sú játning ákærða stuðnings í gögnum málsins.

Í máli þessu er deilt um það, hvort ákærða hafi verið heimilt að aka vélsléða vinnuveitanda síns, Rafmagnsveitna ríkisins, á vegi innan bæjarmarka Egilsstaða að bifreiðaverkstæði skammt frá. Tilgangur ferðarinnar var að færa vélsléðann, sem var nýr, í skoðun. Aksturinn var í þágu vinnuveitanda. Dómari þekkir akstursleið.

Tæki það, sem ákærði ók nefnt sinn, er torfærutæki samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. umferðarlaga. Í 43. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er að finna sérákvæði um akstur slíkra tækja. Samkvæmt þeim ákvæðum er það meginregla, að torfærutæki megi ekki nota á öðrum vegum en einkavegum. Í lögskýringargögnum með umferðarlögum kemur fram, að ekki sé tækt að banna að aka torfærutækjum á öðrum vegum, þegar svo háttar, að það er „óhjákvæmileg nauðsyn“. Vegna þessa eru í 43. gr. umferðarlaga gerðar sérstakar undantekningar á reglunni um bann við akstri torfærutækja á öðrum vegum en einkavegum. Eru þær á þá lund, að þegar aka þarf yfir veg, má aka eftir veginum skemmstu leið, sem hentug er. Sama er, ef aðstæður utan vegar gera það nauðsynlegt að aka eftir veginum. Þá er ætíð heimilt að aka torfærutæki á vegi í þágu öryggis- og heilsugæslu.

Akstur ákærða var innan þéttbýlis, en óheimilt er að aka vélknúnu ökutæki utan vega í þéttbýli á svæði, sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja, sbr. 5. gr. a umferðarlaga. Því voru það ekki aðstæður við veginn, sem neyddu ákærða til að aka eftir veginum, heldur var honum óheimilt að lögum að aka utan vegar. Þess vegna verður ekki séð, að undantekningarreglur 43. gr. um nauðsynlegan akstur torfærutækja eftir vegi eigi við um akstur ákærða greint sinn. Þá var ákærði án hlífðarhjálms við aksturinn.

Telst ákærði samkvæmt framansögðu hafa gerst brotlegur við 43. gr. og 1. mgr. 72. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ákvæði 43. gr. umferðarlaga tæma sök gagnvart ákvæðum lögreglusamþykktar fyrir Fljótsdalshérað nr. 450/1995.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann áður gerst sekur um umferðarlagabrot. Gekkst hann undir dómsátt þess vegna árið 1983, og hefur sú átt ekki ítrekunaráhrif í máli þessu.

Refsing ákærða þykir hæfileg 18.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, sem ákærða ber að greiða innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæta ella varðhaldi í fimm daga.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skal ákærði greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bernhards Bogasonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur.

Af hálfu ákærvalds flutti málið Helgi Jensson, fulltrúi sýslumannsins á Seyðisfirði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Heimir Ólason, greiði 18.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í fimm daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Bernhards Bogasonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur.